



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/551*  
*komudagur 15.11.2012*

Nefndarsvið Alþingis  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari

Kópavogur 13. nóvember 2012.

**Efni: Umsögn um þingsályktun um jafnt búsetuform barna er búa á tveimur heimilum, 152. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fól stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í barnavernd að annast umsögn um þingsályktunartillöguna.

Fagdeildin tekur undir þau orð að mikilvægt sé að börn hafi góð samskipti, ríkulega og reglubundna umgengni við báða foreldra sína. Foreldrar taki jafna ábyrgð á umönnun og velferð barna sinna óháð forsjá, búsetu og fjárhagslegri stöðu. Eitt af lykilatriðunum í þessu sambandi er góð samvinna og samskipti foreldra óháð skipun forsjár og búsetu. Fagdeildin telur jafnt búsetuform ekki vera frumskilyrði til að mæta þörfum og hagsmunum barna með jafna umgengni. Aftur á móti leggur fagdeildin til að skoðaðar verði aðrar leiðir en jafnt búsetuform til að jafna stöðu og lífskjör barna hjá báðum foreldrum sem hafa jafna umgengni. Má þar nefna greiðslur vegna barna svo sem meðlög, barnabætur og aðrar greiðslur til foreldra í gegnum skattkerfið og almannatryggingar. Í þessu samhengi má einnig nefna börn sem þurfa sérstaka umönnun eða hjálpartæki vegna fötlunar sinnar.

**Fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands,**

**María Rúnarsdóttir**  
**Formaður**